


Vorþýtur



Fréttabréf Þelamerkurskóla

Vorhátíðin 3. júní

Síðasti skóladagurinn okkar verður þriðjudaginn 3. júní en þá höldum við vorhátíð og eru foreldrar hjartanlega velkomin. Heimferð allra nemenda þann dag er kl. 12 og er frístund því ekki opin. Síðasta frístundaopnun vetrarins er mánudaginn 2. júní.

Dagskrá vorhátíðar:

8:45-10:15 Íþróttahús og sund
10:45-11:15 Skólaslit 1.-6. bekkjar
11:15-12:00 Grillaðar pylsur í boði og samvera með börnunum á leiksvæðinu.
12:00 Heimferð skólabíla.

Frístund 2025-2026

Skráning er hafin í frístund fyrir næsta skólaár. Sjá hlekk hér.



Skólaslitin 3. júní

Skólaslit 1.-6. bekkjar fara fram á vorhátíðinni 3. júní næstkomandi kl. 10:45 og verða í sal skólans (stofur 4 & 5).

Skólaslit 7.-9. bekkjar og **útskrift nemenda 10. bekkjar** fer fram í Hlíðarbæ 3. júní kl. 16:00.

Vordagarnir framundan

Við Þelamerkurskóla er rík hefð að leggja mikið upp úr vordögum okkar, hafa þá fjölbreytta, skemmtilega og láta þá reyna á ólíka færni nemenda. Einnig njótum við þess að vera úti en útiskólasvæðið okkar á Mörkinni er með því besta á landinu og er hvergi betra að vera þegar vorið gengur í garð.

Vordagarnir eru:

- Umhverfisdagurinn 16. maí
- Vorferðin 28. maí (heimferð kl. 16)
- Þelamerkurleikarnir 2. júní
- Vorhátíðin 3. júní.

ATH: Vorferðin verður farin 28. maí nk. og er tvöfaldur dagur. Heimferð allra nemenda er kl. 16 frá skólanum þann dag. Frístund verður ekki opin til kl. 16:15.

Innleiðing leiðsagnarnáms



Í vetur höfum við unnið mikið og gott starf undir handleiðslu Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri við innleiðingu leiðsagnarnáms og mun sú vinna halda áfram næsta skólaár. Afar mikilvægt er að festa slíka vinnu í sessi, að hún verði hluti af námsmenningu skólans og skili sér í enn betra skólastarfi. Í vetur höfum við stigið mörg skref í átt að breyttri námsmenningu en áherslan í vetur var að skapa hefðir, efla sýn nemenda og starfsfólks á hvað felst í leiðsagnarnámi, gera nemendur meðvitaðri um eigin námsvitund, efla seiglu, sjálfsmynd og trú á eigin getu. Að auki er stór hluti af leiðsagnarnáminu að það er eðlilegt að gera mistök en við lærum af þeim, gefumst ekki upp og horfum á mistök sem tækifæri til náms.

Kjarninn í starfinu í vetur fólst í að vinna markvisst með:

- hrós & þakkir
- heilsa & kveðja
- áhugahvöt & hugarfar
- námsvitund & lærdómsgryfjuna
- námsfélaga & samræður til náms



Árshátíðin okkar og fyrirmyndasýningin

Árshátíðin okkar fór fram 10. apríl sl. fyrir fullu húsi og gekk ljómandi vel. Við erum afar hreykin af nemendum okkar og starfsfólki en það er lýsandi fyrir kröftugt skólastarf og samtakamátt þegar öll leggjast á eitt að koma jafn flottri árshátíð og þessari á koppinn. Við þökkum ykkur öllum kærlega fyrir komuna og alla aðstoð sem þið veittuð við frágang og undirbúning. Svona verkefni gengur ekki upp nema með öflugum skólasamfélagi sem við getum svo sannarlega státað okkur af. Takkl!

Fyrirmyndarsýningin á Torginu vakti einnig mikla athygli og var afskaplega gaman að sjá börn og fullorðna skoða fallegu verkefni þar sem nemendur og starfsfólk sögðu frá fyrirmyndum sínum og færðu rök fyrir valinu með vísan til námsvitundar.

Upptakturinn - Tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna

Annað árið í röð átti Þelamerkurskóla fulltrúa í Upptaktinum. Upptakturinn er verkefni sem hvetur ungmenni á aldrinum 10-16 ára til að semja tónverk og styðja þau í fullvinnslu hugmyndar. Fjöldmörg verk voru send inn í keppnina í ár og voru 8 tónverk valin til útsetningar af landsfrægu tónlistarfólki.

Hjördís Emma Arnarsdóttir, nemandi í 7. bekk og Lára Rún Keel Kristjánsdóttir, nemandi í 10. bekk, áttu hvor um sig tónverk á Upptaktinum í ár. Tónverk Hjördísar kallast Ljósadans sem hún samdi á harmonikku en tónverk Láru heitir Neðansjávarsól og samdi hún það á píanó. Flutningur verkanna var glæsilegur í alla staði og erum við virkilega stolt af Hjördísi og Láru og hlökkum til að fylgjast með þeim feta tónlistarveginn í framtíðinni.



Styrkur úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla

Á dögnum hlaut Þelamerkurskóli veglegan styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til eflingar nýsköpunar og tækni í stoðþjónustunni en í vetur höfum við verið að þróa okkar áfram með ýmsan tæknibúnað til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda okkar. Má þar nefna notkun tæknilegó, sýndarveruleikagleraugu, forritun og ýmsan forritunarbúnað.




Lokahátíð upplestrarkeppninnar

Nemendur í 7. bekk hafa í vetur lagt mikla rækt við upplestur og framsögn en á ári hverju tökum við þátt í Stóru upplestrarkeppninni ásamt skólum á Norðurlandi. Lokahátíðin fór fram í Laugarborg 7. maí sl. og voru Ingveldur Myrra Ólafsdóttir og Hjördís Emma Arnarsdóttir fulltrúar Þelamerkurskóla. Þær stóðu sig með þrýði, voru öryggið uppmálað, lásu skýrt og greinilegt að þær mættu vel undirbúnar til leiks. Samkeppnin var hörð en svo fór að Hjördís Emma hreppti 3ja sætið. Við óskum bæði Hjördísi og Ingveldi innilega til hamingju með frábæran árangur.



Barnakór Þelamerkurskóla hélt vortónleika

Kórastarf í Þelamerkurskóla hefur aldeilis blómstrað í vetur undir stjórn Heimis Bjarna Ingimarssonar og slúttaði kórinn vetrinum með glæsilegum vortónleikum í Glerárkirkju sunnudaginn 11. maí sl. Barnakór Þelamerkurskóla kom fram ásamt barna- og unglíngakór Glerárkirkju en daginn fyrir tónleikana æfðu þau allan daginn í Þelamerkurskóla. Tónleikarnir voru yndislegir og gaman að sjá hversu vel var mætt. Það skiptir okkur miklu máli að nemendur okkar þjálfist í framkomu, fái tækifæri til að koma fram og láti ljós sín skína. [Myndir hér.](#)



Skólahreysti 2025

Mikið stuð og stemning var í íþróttahöllinni á Akureyri 30. apríl sl. þegar Skólahreysti fór fram. Lið Þelamerkurskóla stóð sig frábærlega og lenti í 6. sæti í 2. riðli en samkeppnin var afar hörð. Tanja Björt gerði sér lítið fyrir og stóð uppi sem sigurvegari í hreystigreip í riðlinum. Græna stuðningslið Þelamerkurskóla stóð sig einnig vel á kantinum og þökkum við fyrir góða mætingu og mikla stemningu. Á sama tíma óskum við Láru, Jósef, Hector og Tönju innilega til hamingju með árangurinn. Það krefst hugrekkis að standa frammi fyrir miklum fjölda áhorfenda og taka þátt í keppni sem þessari.

Hérna eru fleiri myndir frá gleðinni.



Við minnum á heimasíðu skólans en þar koma reglulega inn fréttir af okkar líflega skólastarfi

Innritun er hafin í Tónlistarskóla Eyjafjarðar

Ýtið hér til að lesa nánar um námið sem er í boði.



Hæfileikakeppnin Fiðringur

Fiðringur á Norðurlandi var haldinn í Hofi miðvikudaginn 7. maí. Keppnin fór fram í fjórða sinn núna og mættu níu skólar af Norðurlandi til leiks.

Fyrir hönd Þelamerkurskóla tóku Arnsteinn Ýmir Hjaltason, Efemía Birna Björnsdóttir, Tinna Margrét Axelsdóttir og Ylva Sól Agnarsdóttir þátt með atriðið Kamelljónið. Það fjallaði um hvernig við breytumst eftir því hverja við umgöngumst. Auk keppenda voru Karlotta Klara Helgadóttir og Kaja Líf Wilkinson Jónsdóttir sviðsmenn og Sigurður Sölvi Hauksson og Rafael Hrafn Keel Kristjánsson tæknimenn.

Atriði keppenda eru alfarið hugarsmíð nemenda og mikil áhersla er lögð á sjálfstæð og lýðræðisleg vinnubrögð. Nemendur útfæra atriðið sjálf, allt frá búningum, leikmynd, ljósum, sviðshreyfingum og hljóði. Keppendur unnu undir handleiðslu Margrétar Sverrisdóttur þessa önnina og þökkum við henni kærlega fyrir hennar framlag.

Sjá má keppnina í heild sinni hér en atriði Þelamerkurskóla hefst á 41. mínútu.



1. maí hlaupið

Hið árlega 1. maí hlaup fór fram í blíðu veðri á Þórsvellinum á Akureyri. 35% nemenda Delamerkurskóla tóku þátt í hlaupinu sem gerði það að verkum að skólinn vann þátttökukeppni í hópi fámennra grunnskóla. Nemendur stóðu sig afar vel en Friðrik í 3. bekk, Helga í 2. bekk, Baldur í 1. bekk og Hjördís í 7. bekk veittu bikarnum viðtöku.



Umhverfisdagurinn

Umhverfisdagurinn var föstudaginn 16. maí og var virkilega vel heppnaður en veðrið lék svo sannarlega við okkur. Nemendur unnu með skólavinum sínum, fóru á fjórar stöðvar og gerðu ýmis verkefni þar.

Á *matjurtstöðinni* settu nemendur niður kartöflur og forræktað grænmeti, settu blóm í blómakerin, sáðu fyrir gulrótum og rófum, gerðu fínt í kringum matjurtakassana okkar, í kringum skólann og hjá hænunum.



Á *sköpunarstöðinni* var þemað hringrás vatns og fengu nemendur smá fræðslu í upphafi þar sem lykilhugtökin uppgufun, skýjamyndun og úrkoma voru útskýrð. Eins ræddu þau um hvar í nærumhverfinu við sæjum vatn. Nemendur máluðu listaverk í gluggana í forstofunum okkar en listaverkin eru partur af umhverfissáttmála Delamerkurskóla og munu prýða gluggana næstu mánuði.

Á *útiskólasvæðinu* okkar út í Mörk átti sér stað gríðarlega mikil vinna þar sem nemendur og starfsfólk hreinsuðu til og hófu vinnu við uppbyggingu en margt á svæðinu er farið að þarfnast viðhalds þar sem 17 ár eru liðin frá því að uppbygging á svæðinu hófst.

Á *leikjastöðinni* fóru nemendur í umhverfisleiki eins og til dæmis endurvinnsluleikinn sem snérist um að setja nemendur í endurvinnsluna ef ruslið náði þeim.


Hérna eru myndir frá þessum frábæra degi.

Sumarkveðja frá starfsfólki Þelamerkurskóla

Kæru foreldrar og forráðamenn barna í Þelamerkurskóla.

Við færum ykkur hjartans þakkir fyrir gott samstarf á skólaárinu og hlökkum til að hitta ykkur og börnin í haust. Bestu þakkir fyrir aðstoð á viðburðum, alla jákvæðnina, samvinnuna og velvild ykkar í garð skólans. Það er ómetanlegt að hafa sterkan og öflugan foreldrahóp á bak við okkur en saman sköpum við fallett og metnaðarfullt skólasamfélag þar sem hæfileikar hvers og eins fá notið sín. Við hvetjum ykkur til að fjölmenna á vorhátíðina okkar og ef þið viljið spreyta ykkur á Þelamerkurleikunum þá er það ávallt velkomið.

Bestu kveðjur út í sumarið. Takk fyrir skólaárið 2024-2025.



Síðasta söngstund skólaársins



Alltaf fjör út í Mörk á
útiskólasvæðinu okkar